



Reglugerð um mótahald

1. Almenn

- 1.1. Reglugerð þessi nær til þeirra móta sem HNÍ stendur fyrir, Bikarmót, Byrjendamót, félagsmót og Íslandsmeistaramót.
- 1.2. Allt keppnishald skal fara fram eftir reglum Alþjóðlega Hnefaleikasambandsins (World Boxing) nema annað sé tekið fram í lögum og/eða reglugerðum HNÍ.

2. Leyfi til mótahalds

- 2.1. Mótshaldari skal senda mótsboð á skrifstofu HNÍ eigi síðar en mánuði fyrir mót.
- 2.2. HNÍ áskilur sér rétt til þess að banna mót ef mótshaldari hyggst ekki fylgja regluverki HNÍ. Ef mótshaldari brýtur gegn regluverki HNÍ í keppni mun brotið verða tekið fyrir hjá aganefnd HNÍ og getur orsakað að viðurlögum verður beitt.
- 2.3. Mótshöldurum ber að senda „Gátlista mótshaldara“ með umbeðnum upplýsingum til HNÍ eigi síðar en 7 dögum fyrir fyrsta keppnisdag. Ef gátlisti berst ekki til HNÍ innan tilsetts tíma er fagnefndum HNÍ heimilt að flytja mótið á annan mótsstað.
- 2.4. Mótshaldarar eiga að fylgjast með því að þátttakendur hafi keppnisleyfi og sjá til þess að einstaklingar án leyfis taki ekki þátt í keppni.
- 2.5. Félagi sem heldur mót er skylt að kanna hjá HNÍ hvort keppendur séu í keppnisbanni, vegna meiðsla eða agabrota.

3. Hlutgengi

- 3.1. Keppnisrétt hafa eingöngu félagsbundir iðkendur í viðurkenndum aðildarfélagi innan HNÍ. Allir iðkendur skulu vera skráðir í félagakerfi Íþróttahreyfingarinnar Felix.
- 3.2. Ef erlendi keppendur krefjast skriflegs samnings verður að leggja hann fyrir HNÍ til samþykktar.
- 3.3. Hægt er að sækja um undanþágu við þörun í ungmenna- og unglingaflokkum til mótanefndar HNÍ, þó má ekki muna meira en tveimur aldursárum á keppendum og skulu þeir keppa samkvæmt reglum unglingaflokka.
- 3.4. Keppendur í unglingaflokkum er óheimilt að para gegn keppendum úr Elite flokkum.

4. Innvigtun

- 4.1. Keppendur í öllum þyngdarflokkum skulu vera tilbúnir til innvigtunar að morgni keppnisdags. Innvigtun á sér stað að lágmarki 3 klst fyrir fyrstu viðureign. Keppendur eiga rétt á því að einstaklingar af sama kyni sjái um innvigtun þeirra.



- 4.2. Hægt er að sækja um undanþágu á þyngdarflokkum, en ekki skal muna meira en tveimur þyngdarflokkum eða 15kg (á ekki við innan „super heavy“ elite karla eða „heavy“ kvenna og unglunga) á keppendum þegar vigtun á sér stað. Keppendur og þjálfarar þeirra þurfa að samþykkja pörunina.

5. Læknisskoðun

- 5.1. Læknisskoðun, keppnishæfi, keppnisbönn og önnur læknisfræðileg atriði skulu fara fram í samræmi við **Læknishandbók World Boxing (World Boxing Medical Handbook)**, eins og hún er uppfærð hverju sinni.

6. Keppnisskýrsla

- 6.1. Keppnisskýrslur á þar til gerðu eyðublaði skal fylla út, undirrita af mótshaldara og lækni og senda til HNÍ að keppni lokinni.

7. Keppnissvæði

- 7.1. Fylgja skal reglum World Boxing um “Field of Play (FOP)”.

7.1.1. Hægt er að sækja um undanþágur til mótanefndar HNÍ.

8. Búnaður til mótahalds

- 8.1. Um búnað til mótahalds gilda tæknireglur World Boxing. Hægt er að sækja um undanþágu hjá mótanefnd HNÍ.